

REGLUGERÐ

um hækkun bóta slysatrygginga og sjúkratrygginga almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt IV. og V. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. febrúar 2008 og verða sem hér segir:

<i>Slysatryggingar</i>	<i>á dag</i>	<i>á mánuði</i>	<i>á ári</i>
Dagpeningar skv. 3. mgr. 33. gr.	1.270 kr.		
Dagpeningar vegna barns á framfæri skv. 3. mgr. 33. gr.	285 kr.		
Örorkulífeyrir (100%) skv. 34. gr.		26.728 kr.	320.736 kr.
Dánarbætur skv. a-lið 1. mgr. 35. gr.		29.500 kr.	353.200 kr.
Barnalífeyrir skv. b-lið 1. mgr. 35. gr.		19.760 kr.	237.120 kr.
Dánarbætur skv. c-lið 1. mgr. 35. gr.	368.200 – 1.105.000 kr.	eingreiðsla	
Dánarbætur skv. 2. mgr. 35. gr.		515.700 kr.	eingreiðsla

<i>Sjúkratryggingar</i>	<i>á dag</i>
Sjúkradagpeningar skv. 4. mgr. 43. gr.	1.040 kr.
Sjúkradagpeningar vegna barns á framfæri skv. 4. mgr. 43. gr.	285 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi nú þegar. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 1226/2007, um hækkun bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, er varða bætur slysatrygginga og sjúkratrygginga.

Heilbrigðisráðuneytinu, 26. mars 2008.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.